

Aðalfundur SDS
Haldinn í Búðardal þann 8.okt. 2011
Kl. 17.00

Formaður seta fund og bauð fundarmenn velkomna.

Síðan gengið til kosningu á fundarstjóra og fundarritara.
Fundarstjóri var kosin Erla Laxdal,
ritari Guðmunda Wíum.

1. Formaður las skýrslu stjórnar. um mjög erfitt ár sem var 2010.
Ræddi hún um að árið 2010 var mjög erfitt.....
Rætt var um að stækka félagið með sameiningu við önnur félög.

2. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins, og voru þeir samþykktir.

3. Formaður las skýrslu orlofsnefndar þar sem formaður, Ásta Dóra Valgeirsdóttir komst ekki á fundinn.

4. Birna Sigurðardóttir las skýrslu starfsmenntunarsjóð og sagði frá sinni reynslu af sjóðnum og hefur hún lokið leikskólakennara námi með miklum stuðningi starfsmenntunarsjóðsins. Taldi hún að baklandið, SDS og Starfsmenntunarsjóðurinn væri mjög sterkt. Hvatti hún félagaga að sækja þau námskeið eða nám sem í boði eru hverju sinni.

5. .Kosning stjórnar.

Formaður hvatti félagsmenn að ganga í stjórn því okkur vantar meðstjórnarmann frá Stykkishólmi samkv., reglu.

6. Kosning í orlofsnefnd til næstu 3ja ára

Sömu gefa kost á sér áfram í orlofsnefnd:

Ásta Dóra, Dóra, Bogi, Anna og Svanhildur.

varastjórn: Birna Sigurðardóttir og Kolbrún Sveinbjörnsdóttir,

7. Kosning í starfsmenntunarsjóð til næstu 3ja ára:

Helga Hafsteins formaður, Kristín Ólafsdóttir gjaldkeri, Birna Sigurðardóttir meðstj., Bryndís Theódórsdóttir meðstj.

8. Önnur mál.

Formaður ræddi um mannauðssjóð sem er sameiginlegur sjóður félaga í Samflot. Eingöngu geta stofnanir sótt um í þennan sjóð, en félagar í starfsm.sjóð SDS. Einnig ræddi hún um leigu á sumarhúsi á Spáni af Þresti Kristóferssyni. Formaður orlofsnefndar Ásta Dóra Valgeirsdóttir og Dóra Aðalsteinsdóttir fara ásamt eigenda til að skoða sumarhúsið nk. 27.okt.

Einnig kom fyrirspurn um íbúð í Reykjavík. Ekki stendur til að kaupa íbúð að svo stöddu. Hótel miðar eru og verða áfram í boði hjá orlofsnefnd.

Góðar umræður spunnust um sumarbústaði og útleigu á þeim.

Spurt var um rétt þeirra sem eru að hætta að vinna sökum aldurs. Formaður svaraði því að félagar hafa full réttindi á öllu sem félagið hefur upp á að bjóða.

Einnig kom fyrirspurn um hvort að kjarasamningar standa: Formaður svaraði því að enn standi þeir. Endurskoðunarákvæði eru í samningnum sem vert er að halda opnu.

Fundi slitið kl: 18.30.

Ritari: Guðmunda Wíum